

# STJÓRNARTÍÐINDI B 92 – 1999

---

Nr. 651

1856

4. október 1999

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, leikskólalóð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992 - 2012.

Breytingin felst í því að íbúðarlóð og hluti opins svæðis verður að stofnanalóð og opnu svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 4. október 1999.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*

Nr. 652

4. október 1999

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Hvaleyrarholt.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytt er landnotkun úr stofnana-, iðnaðar-, verslunar- og þjónustusvæði í stofnana- og íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 4. október 1999.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*